

## TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 19. júní 1978

um fyrstu breytingu á tilskipun 76/118/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi tiltekna niðurseyddar mjólkurvörur til mannelis

(78/630/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. og 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í 1. mgr. 3. gr. tilskipunar ráðsins 76/188/EBE frá 18. desember 1975 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi tiltekna niðurseyddar mjólkurvörur til mannelis <sup>(3)</sup> er kveðið á um að eingöngu sé heimilt að nota heiti sem um getur og skilgreind eru í viðauka við hana til að tákna vörurnar sem þar eru skilgreindar. Getið er um „ósykraða niðurseydda léttmjólk“ í c-lið 1. tölul. og hún skilgreind. Samkvæmt þessu ákvæði er eina mjólk sem heimilt er að selja í smásölu undir þessu heiti hálfþurrkuð mjólk sem inniheldur, miðað við þyngd, milli 4 og 4,5% af fitu og ekki minna en 24% samtals af mjólkurþurrefnum.

Að teknu tilliti til hugsanlegs misskilnings af hálfu kaupenda eru tiltekin heiti talin upp í 2. mgr. 3. gr. í tilskipun 76/118/EBE og er viðkomandi aðildarríkjum heimilt að nota þau á yfirráðasvæðum sínum.

Sambærileg vandamál hafa einnig komið upp í tilteknum aðildarríkjum í tengslum við heitið á ósykraðri niðurseyddri léttmjólk sem heimilt er að selja í smásölu. Því ber að gefa

þessum ríkjum kost á að nýta sér ákvæði 2. mgr. 3. gr. í tilskipun 76/118/EBE þegar vörur með þessu heiti eru seldar í smásölu.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

Eftirfarandi skal bætt við 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 76/118/EBE:

„d) „Geëvaporeerde halfvolle melk“ í Belgíu og Hollandi og „lait demi-écrémé concentré“ og „lait demi-écrémé concentré non sucré“ í Belgíu, Frakklandi og Lúxemborg til að tákna vöruna sem skilgreind er í c-lið 1. tölul. viðaukans þegar hún er seld í smásölu.“

*2. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 19. júní 1978.

*Fyrir hönd ráðsins,*

P. DALSAGER

*forseti.*<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 183, 1. 8. 1977, bls. 59.<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 84, 8. 4. 1978, bls. 3.<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 24, 30. 1. 1976, bls. 49.